

# Lög hverfissamtaka Lunda- og Gerðahverfis

## 1. Grein

Samtökin heita hverfissamtök Lunda- og Gerðahverfis, hér eftir vísað til sem hverfissamtök. Félagssvæðið nær til Lundahverfis og Gerðahverfis innan bæjarmarka Akureyrarbæjar.

## 2. Grein

Tilgangur samtakanna er:

Að vinna að framfara- og hagsmunamálum íbúa svæðisins.

Að stuðla að samhug og samstarfi íbúanna.

Nánari skilgreining á tilgangi og markmiðum verður sett fram í verkefnalista sem unnin er upp úr stefnumörkun er hlýtur staðfestingu aðalfundar ár hvert og gildir fyrir komandi ár.

## 3. Grein

Allir íbúar í Lunda- og Gerðahverfi, sem þar eiga lögheimili, teljast félagar. Kjörgengi hafa allir lögskráðir íbúar í Lunda- og Gerðahverfi sem eru 18 ára og eldri.

## 4. Grein

Stjórn hverfissamtakanna er hverfisnefnd og fer hún með æðsta vald í málefnum samtakanna milli aðalfunda. Hverfisnefnd skal skipuð fimm stjórnarmönnum; formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er til tveggja ára. Stjórnarmenn geta verið endurkjörnir tvisvar í röð. Varamenn skulu vera fjórir og kosnir árlega. Stjórn skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn reikninga samtakanna til eins árs.

## 5. Grein

Formaður boðar stjórnarfundum og stýrir þeim. Skyld er að halda stjórnarfundum ef þrír stjórnarmenn óska þess. Ef aðalmaður getur ekki mætt skal kalla varamann í hans stað. Stjórnarfundur er lögmaður ef þrír stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður. Stjórnin skal halda gerðabók um störf sín.

## 6. Grein

Málefnum hverfissamtakanna er stjórnað af:

- a) Aðalfundi
- b) Hverfisnefnd

## **7. Grein**

Aðalfund skal halda ár hvert í september, og skal hann boðaður skriflega með fjórtán daga fyrirvara og telst fundarboðunin þá lögleg. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Séu lagabreytingar fyrirhugaðar skal þess getið í fundarboði og jafnframt hvaða greinum laganna fyrirhugað er að breyta. Einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu mála, nema lagabreytingum, sem þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Dagskrá aðalfundar:

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar um störf á liðnu ári.
3. Gjaldkeri skýrir reikninga samtakanna og kynnir 8 mánaða milliuppgjör.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga samtakanna.
5. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagabreytingar.
7. Kosningar samkvæmt 4. grein þessara laga.
8. Önnur mál.
9. Fundarslit.

## **8. Grein**

Hverfisnefnd getur boðað til almenns íbúafundar ef hún telur ástæðu til. Fundurinn skal auglýstur með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

## **9. Grein**

Hverfisnefnd er heimilt að stofna nefndir á hverjum tíma um einstök verkefni eða málaflökka eftir því sem þörf krefur. Nefndir samtakanna skulu vinna í umboði hverfisnefndar og halda gerðabók um störf sín.

## **10. Grein**

Hverfisnefnd getur tilnefnt fulltrúa hverfissamtakanna í samstarfsverkefni með öðrum félögum eða hópum sem tengjast málefnum hverfissamtakanna.

## **11. Grein**

Ef leggja á samtökin niður getur það einungis gerst á aðalfundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Eignir samtakanna skulu þá renna til íþrótta- og æskulýðsmála á félagssvæðinu.